
FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Fornleifaskrá Kópavogs Endurskoðuð



Bjarni F. Einarsson

2020

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Forsíðumyndin sýnir mannvirki á Kópavogsþingstað sem kallað var jarðhús af rannsakanda, fornl. nr. 1:5. (Guðrún Sveinbjarnardóttir 1986:55). Að mati skýrsluhöfundar er þetta mjög líklega hluti af skála frá landnámsöld. Í miðjunni er langeldur í miðskipi hússins og hellurnar sín hvoru megin marka hliðarskipin (setin). C-14 aldursgreining gaf veik fyrirheit um mjög háann aldur eða fyrir 870 e. Kr. Niðurstaðan var ekki leiðrétt, en hér að neðan birtist hún leiðrétt (mynd 1).

Minna þessar leifar mjög á skálann í Vogum í Höfnum, Reykjanesbæ (Bjarni F. Einarsson 2013).

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson.
Maí 2020

Efnisyfirlit

1 Inngangur	*Bls. 4*
2 Aðferð og takmörk	*5*
3 Lögin og tilgangurinn	*5*
4 Sagan	*7*
4.1 Sögubrot	*7*
4.2 „Commissionen for oldsagers opbevaring“	*14*
5 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna - sjálfbær þróun	*15*
6 Fornleifarnar	*18*
7 Heimildir	*19*
8 Fylgirit	*21*
8.1 Loftmyndir	*22*
8.2 Viðauki við heimildaskrá í fornleifaskránni	*29*
8.3 Fornleifaskrá	*32*

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

1 Inngangur

Árið 2000 voru fornleifar í landi Kópavogs skráðar vegna vinnu að aðalskipulagi bæjarins (Bjarni F. Einarsson 2000). Nú þegar endurskoðun aðalskipulags Kópavogs 2018–2024 hófst var sú krafa gerð af Minjastofnun Íslands að endurskrá þyrfti allar fornleifar á ný vegna nýrra krafna um skráningaraðferð, en þær fela í sér að allar fornleifar skulu nú mældar inn í hnitakerfi Íslands (Ísn 93) og þeim varpað inn á stafrænan loftmyndagrunn.

Undirritaður sá um alla vettvangsvinnu og úrvinnslu, en heimildavinna hafði þegar verið gerð árið 2000 og ekki ástæða til að endurtaka hana nema í takmörkuðum mæli. Tengiliður á milli Fornleifafræðistofunnar og Kópavogs var Bergljót S. Einarsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri aðalskipulags í Kópavogi.

Þessi skýrsla byggir á fyrri skýrslu með breytingum eftir atvikum. Árið 2000 voru 21 fornleifar taldar horfnar, að mestu staðir tengdir þjóðtrú. Nú hafa einar fornleifar verið teknar af þeim lista þar sem líkur eru til að minjar finnist undir grasrótinni þar sem þær eru, en það eru leifar býlisins Fífuhvamms. Á móti kemur að tvennar fornleifar sem skráðar voru 2000 finnast ekki nú, en það eru varða syðst á Vatnsendaheiði (nr. 49) sem hugsanlega hefur horfið undir malarplan og vatnsleyðsla (byggð á stríðsárunum) nr. 43:1.

Undirbúningsvinna hófst nú á vormánuðum 2019 og vettvangsvinna fór fram með hléum frá júli–september 2019 til apríl–maí í ár.

Þegar skráningin fór fram árið 2000 taldi undirritaður að landamerki Kópavogs og Reykjavíkur væru austar en þau voru í raun og veru og því var hinn forni þingstaður við Elliðavatn skráður sem hluti af fornleifamengi Kópavogs. Nú er undirrituðum kunnugt um landamerkin og allar rústir sem tilheyra gamla þingstaðnum á Þingnesi (eldra nafn Krossnes?) eru í landi Reykjavíkur.[1] Í staðinn hafa þrjár rústir bæst við á svæðinu og halda þær gamla númerinu. Þessar rústir eru líklega óviðkomandi þingstaðnum. Sérstaklega skal tekið fram að eyjarnar tvær úti fyrir Þingnesi voru ekki kannaðar, en ekki er hægt að útiloka að þar kunni að leynast fornleifar og jafnvel að þær hafi þá tilheyrt þingstaðnum og þá tilheyrir þingstaðurinn tveimur sveitarfélögum.

Undir fyrirsögninni *Heimildir og munnmæli* í fornleifaskrá stendur sum staðar **Frh**. Þá er átt við að fleiri heimildur um viðkomandi fornleifar séu í gagnagrunninum, en sökum plássleysis í gagnagrunninum eru þær hafðar með sem fylgirit 8.2.

[1] Í Friðlýsingaskrá eru allar rústir á hinum forna þingstað í Þingnesi skráðar í landi Kópvogs. (Friðlýstar fornleifar 1990:11).

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Margir hafa veitt ýmsa aðstoð, við báðar skráningarnar, svo sem fólk á förnum vegi og starfsmenn Kópavogs. Þeim eru færðar góðar þakkir.

2 Aðferð og takmörk

Eins og að framan greinir hafði heimildavinna farið fram árið 2000 og nægja þótti að fríska lítilega upp á minnið í þeim efnum án þess að kafa djúp í þær. Slík könnun á heimildum getur aldrei orðið tæmandi enda sjálf fornleifaskráningin ekki endanleg. Ekki er víst að hugtakið fornleifar muni standa óbreytt um aldur og ævi. Má t. d. benda á herminjar (t. d. vestur af Sandskeiði), sem lögum samkvæmt eru ekki fornleifar í dag, en verða það eftir um 20 ár eða svo. Sömu sögu er að segja um samgönguminjar og jafnvel sumarbústaðalóðir sumar hverjar og fleira mætti telja til.

Allt núverandi þéttbýlissvæði Kópavogs var kannað á vettvangi en það nær frá Kársnesi að Elliðavatni sunnanverðu og dálítið inn í Heiðmörk. Megin hluti upplandanna er því enn óskráður. Verður þess vart langt að bíða að þau verði einnig skráð enda skylt samkvæmt lögum.

Fyrri lýsingar á fornleifum voru bornar saman við fornleifarnar eins og þær litu út nú og þeim breytt í fáeinum tilfellum þegar við átti. Í vissum tilfellum var minja- og varðveislugildi breytt og ástandi og aldri sömuleiðis. Ákveðið var að taka ekki nýjar ljósmyndir vegna þess að í afar mörgum tilfellum hefur gróður stóraukist við fornleifar, svo mikið að hann huldi mönnum sýn á fornleifarnar. Því segja upphaflegu myndirnar mun meira um útlit fornleifanna en nýjar myndir myndu gera.

Hver staður fékk eitt aðalnúmer, einstakar fornleifar á hverjum stað, einar eða fleirri, fengu sitt undirnúmer undir viðkomandi aðalnúmeri. Meginreglan var sú að ef 50 m eða meira voru á milli fornleifa fengu þær sitthvort aðalnúmerið. Þetta var þó ekki einhlítt ef sýnt var að fornleifarnar tilheirðu sömu heildinni svo sem sama bæjarstæðinu eða voru beinlínis á sama staðnum eins og Kópavogsbærinn (bæirnir) sem hafa fengið eitt aðalnúmer en 13 undirnúmer (fornleifar nr. 1:1-13). Eru fornleifar 1:13 viðbót við eldri skránna þar sem upplýsingar um hana lágu ekki fyrir fyrr en eftir að sú skrá var tekin saman.

Staðir merktir með X á loftmyndum eru staðsettir með talsverðri ónákvæmni. Reynt var að nota elstu loftmyndir frá Landmælingum Íslands (LIO-22-58) til að freista þess að finna ummerki um fornleifar á Kársnesi, en það tókst ekki.

3 Lögin og tilgangurinn

Fornleifar eru hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á. Einnig eru til fornleifar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

sem engin mannverk eru á eins og staðir tengdir þjóðtrú, náttúruleg eyktarmörk eru dæmi um. Að jafnaði eru minjar eldri en 100 ára taldar til fornleifa. Hægt er að friðlýsa yngri minjar (Lög um menningarminjar 2012, 3. gr.).

Engin má spilla fornleifum, granda þeim né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).

Allar fornleifar eru friðaðar samkvæmt lögum um menningarminjar og sumar þeirra eru friðlýstar. Munurinn þar á er fyrst og fremst sá að friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra, en 15 m við friðaðar fornleifar. „*Ef fyrirsjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda skal framkvæmdaraðili eða viðkomandi sveitarfélag gera Minjastofnun Íslands viðvart með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara áður en áætlaðar framkvæmdir hefjast og lýsa þeim breytingum er af framkvæmd mun leiða*.“ Verði almenningujr var við að fornleifar liggi undir skemmdum skal hann tilkynna það til Minjastofnunar Íslands. (23. gr). Jafnvel ófundnar fornleifar eru friðaðar. Komi slíkar minjar í ljós við framkvæmdir ber að stöðva verkið og tilkynna Minjastofnun Íslands svo fljótt sem auðið er og sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda. (24. gr.). Minjastofnun Íslands úrskurðar svo hvort halda megi verki áfram og með hvaða skilmálum. Ekki má halda verkinu áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Ef aðilar telja sig þurfa að raska eða fjarlægja fornleifar vegna framkvæmda skulu þeir eða viðkomandi sveitarfélag tilkynna það með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Minjastofnun Íslands ákvarðar svo hvort verkið megi fram halda eða ekki og þá með hvaða skilmálum.

Við allar framkvæmdir ber sá sem fyrir þeim stendur kostnað af nauðsynlegum rannsóknum að mati Minjastofnunar Íslands. (28. gr.).

Í 16. gr. laganna segir að skylt sé að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Skal sú skráning ævinlega fara fram á vettvangi.

Í skipulagslögum segir „*Skipulagsskylda nær til lands og hafs innan marka sveitarfélaga*.“ (Skipulagslög 2010, 12 gr). Markmið laganna er m.a. að tryggja varðveislu náttúru- og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi (1. gr.). Minjar í sjó hafa fram að þessu lítt verið kannaðar, en þess brátt að vænta að skráningu í sjó verði sinnt jafnhliða skráningu á landi. Um sjálfbæra þróun á sviði minjavörslu og fornleifa verður fjallað hér að neðan.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Það er ekki aðeins lagaleg ástæða fyrir því að fornleifar eru skráðar. Til koma aðrar ástæður svo sem siðferðislegar, sögulegar, fræðilegar og menningarpólitískar.

Ef minjavarslan á að geta sinnt hlutverki sínu varðandi fornleifar verður hún að hafa yfirlit yfir þær sem til eru, hvar og hverjar þær eru. Fornleifarnar eru mikilvægur hluti af þjóðarímynd Íslendinga og söguskilningi þeirra og í þeim eru fólgnar upplýsingar sem hvergi annarsstaðar er að finna. Vegna þess hve íslenskt samfélag var íhaldsamt eru margar rústir yngri en 100 ára mikilvægar til að varpa ljósi á eldri rústir, þær voru hluti af eins samfélagi og byggðar úr sömu efnum út frá sömu hugmyndafræði og þjónuðu sama tilgangi.

Hlutverk minjavörslunnar er m.a. að velja út fornleifar og umhverfi þeirra til varðveislu um ókomin ár. Ef valið á að vera markvisst er fornleifaskrá nauðsynlegur grundvöllur úrvalsins. Ef velja á fornleifar sem eru einkennandi fyrir ákveðið hérað eða svæði er mikilvægt að vita hvaða fornleifar eru til svo hægt sé að velja. Um nánari umfjöllun á mikilvægi fornleifaskráninga; sjá t.d. Bjarna F. Einarsson 1996 (a & b), 1997 og Orra Vésteinsson 1996.

4 Sagan

4.1 Sögubrot

Í hugum margra er Kópavogur tiltölulega sögulaust sveitarfélag, sem á upphaf sitt að rekja til 20. aldar. Það má vissulega til sanns vegar færa þar sem sveitarfélagið sjálft er ekki stofnað fyrr en 1948, en þétting byggðar hafði hafist nokkrum árum áður eða um 1936 (Lýður Björnsson 1990:46 og 146). Kaupstaðarréttindi fengust svo árið 1955. Á seinustu tveimur öldum var Kópavogur ekki í brennidepli og þótti jafnvel ekki búsældarlegt um að litast. Segir danski fræðimaðurinn Kristian P.E. Kålund svo frá jörðinni Kópavogi í ferðalýsingu sinni er birtist á prenti árin 1877-82*: „Bærinn er á leiðum og ömurlegum stað; umhverfis hann eru lág grýtt hæðardrög eða dökkleitar þýfðar mýrar.*“ (Kålund 1984:15).

Kópavogsjörðin var lang rýrasta jörðin af þeim jörðum sem eru í Kópavogslandi. Ekki er víst að jarðirnar hafi talist eftirsóknarverðar til ábúðar (Magnús Þorkelsson 1990(a):160). Það að nafnið á Hvammi breyttist í Hvammskot árið 1552 gefur vísbendingar um það. Hvammskotsnafninu var svo breytt um 1875 af Þorláki Guðmundssyni alþingismanni í Fífuhvamm (Guðlaugur R. Guðmundsson 1970:26 og 29). Ekki hefur þó þróunin alltaf verið neikvæð því í jarðarbókum 17. aldar og Jarðamati Johnsens árið 1847 og yngri jarðamötum, hækkaði jarðarmat

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

allra jarða innan bæjarlandsins nema Digraness (Magnús Þorkelsson 1990(a):164).

Elsta ritaða heimild um byggð í landi Kópavogs er frá árinu 1234. Þá bregður Vatnsenda fyrst fyrir í Máldagaskrá um eignir Maríu kirkju og staðar í Viðey. Segir m.a. svo í skránni:


> „hvn a oc Elliðavatz land hálft. Oc allt land at vatzenda. Með þeim veiðvm oc gæðvm er þeim hafa fylgt at fornv. ... Hamvndur gaf til staðarins holm þann. Er liggr j elliða am. niðr fra Vatzenda holmi.“ (Ísl. fornbréfasafn I 1857-76:507).

Heimildir segja svo ekkert um svæðið fyrr en árið 1313, í skrá um leigumála á jörðum Viðeyjarklausturs. Þá eru nefndir til sögunnar bæirnir Hvammur og Digranes, auk Vatnsenda. Segir m.a. svo um leigumálana í skránni:


> „At vatz ennda iij merkur.
> J hvamme c leigv.
> J digranesi iij merkur:“ (Ísl. fornbréfasafn II 1888:377).

Nafnið Kópavogur kemur fyrst fyrir í heimildum árið 1523. Er þar átt við Kópavogsþingstaðinn og tilefnið var dómur yfir Týla Péturssyni hirðstjóra, sem fundinn var sekur um morð o. fl. (Ísl. fornbréfasafn IX 1909-13:139-142). Bærinn Kópavogur kemur ekki fyrir í rituðum heimildum fyrr en 1553, þá í afgjalda-reikningum Eggerts hirð-stjóra Hannessonar á Bessastöðum. Er þar afgjald Þorsteins ábúanda tilgreint, en það var „*viij alne vatmell*.“ (Ísl. fornbréfasafn XII 1923-32:577).

Til eru aðrar og eldri heimildir um byggð í Kópavogi, en það eru



Mynd 1. Leiðréttingarkúrfa C-14 greiningar (HAR-2155. K649S) úr jarðhúsi á Kópavogsþingstað (rúst 1:5). Niðurstaðan er óleiðrétt í bók Guðrúnar Sveinbjarnardóttur 1986:60. Hér leiðrétt skv. Stuiver et. al. (1998).



Mynd 2. Leiðréttingarkúrfa C-14 greiningar (HAR-2092. K646S) úr þró á Kópavogsþingstað. Niðurstaðan er óleiðrétt í bók Guðrúnar Sveinbjarnardóttur 1886:65. Hér leiðrétt skv. Stuiver et. al. (1998).

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

fornleifarnar sem þar finnast. Margt er enn ósagt um þær, aðeins nokkrar þeirra hafa verið rann-sakaðar og fæstar þeirra til fulls. Elsta mannvirki sem fundist hefur í Kópavogi er svonefnt jarðhús[2] (Guðrún Sveinbjarnardóttir 1986), sem staðsett er undir minjum hins gamla Kópavogsþingstaðar, norðanvert við árósa Kópavogslækjar (fornleifar nr. 1:5 og jafnvel fleiri). Jarðhúsið er C-14 aldursgreint og var niðurstaðan óleiðrétt 1180±130 BP (*Before Present*). Sé niðurstaðan hins vegar leiðrétt með 95,4% vissu, er niðurstaðan sú að húsið hafi verið í notkun einhverntíma á bilinu 600–1200. Þungamiðja greiningarinnar er ca. 750–950 AD (sjá mynd 1). Viðurinn sem greindur var reyndist úr víði eða ösp, sem gerir aldursákvörðunina örlítið óvissa og sama má segja um óvenjulega mikil skekkjumörk eða 130 ár[3]. Talið er að jarðhúsið geti jafvel verið frá 9. öld (Sama 1986:77). Eins og segir í skýringu við forsíðumyndina telur höfundur að ekki sé um jarðhús að ræða, heldur hluta af skála frá landnámsöld. Sé það rétt er það eini þekkti skálinn í landi Kópavogs og elsta mannvirkið í sveitarfélaginu. Frekari rannsókn á mannvirkinu myndi skera úr um það og C-14 greiningar eru orðnar mun betri í dag en þær voru á fyrri hluta áttunda áratug síðustu aldar.

Ofan á áðurgreindu jarðhúsi fannst smiðja (fornleifar nr. 1:4) sem var mun eldri en frá 1500 miðað við afstöðu gjóskulaga, en reyndist vera frá því um 1800 samkvæmt C-14. Ástæðan fyrir þessu misræmi hlýtur að vera sú að viðurinn sem var aldursgreindur hefur borist í húsið á seinni tímum eða mistök átt sér stað á tilraunastofunni. Talið er að smiðjan geti verið frá 12. öld (sama 1986:73).

Skammt suður af jarðhúsinu var byrgð þró. Viðarkolasýni úr henni var aldursgreint og niðurstaða þeirrar greiningar var 900±70 BP. Sé sú niðurstaða leiðrétt með 95,4% öryggi, verður niðurstaðan sú að þróin hafi verið gerð eða í notkun á tímabilinu 1010–1270 AD. Þungamiðja greiningarinnar segir að sýnið sé u. þ. b. frá árunum 1050–1200 AD (sjá mynd 2).

Sýnið reyndist eins og fyrrnefnda sýnið vera úr víði eða ösp, en skekkjumörkin eru mun minni eða 70 ár. Þessi aldursákvörðun er mikilvæg fyrir jarðhúsið þar sem það er tekið úr mannvirki sem virðist hafa legið ofan á jarðhúsinu.

Rannsóknin á Kópavogsþingstað sýnir svo að varla verður um villst að búseta hefur hafist á staðnum þegar á landnámsöld, kannski við upphaf hennar í lok 9. aldar þó ekki sé hægt að útiloka að viðvera fólks hafi hafist


[2] Gjarnan er notað heytið jarðhýsi yfir þessi hús, en húsið í Kópavogi á þó ekkert skylt við þau.

[3] Í dag eru skekkjumörk yfirleitt um 30 ár.

Skjal sótt af '000000000000' dags: 25.10.2026


enn fyrr. Hús af þessari gerð (jarðhýsi) finnast nær aldrei ein og sér, þau eru ævinlega á bæjarstæðum, verslunarstöðum, þingstöðum eða á kumlateigum.

Ekki er líklegt að jarðhúsið í Kópavogi hafi tilheyrt neinu öðru en bæjarstæði, sem er þá elsta bæjarstæði Kópavogs sem vitað er um í dag. Hvar bærinn hefur nákvæmlega staðið er ekki gott að segja ef við göngum enn út frá því að um jarðhús hafi verið að ræða, en þau jarðhýsi sem fundist hafa á bæjarstæðum hérlendis eru öll nálægt bæjarhúsunum, varla meira en 10 m frá þeim. Jarðhúsið í Kópavogi sker sig þó úr flestum öðrum jarðhýsum hér á landi hvað nokkur atriði varðar.



Mynd 3. Túnakort Kópavogs frá árinu 1916. Túnið var 4,7 teigar eða 15 dagsláttur og smáþýft. Kálgarður var 1630 m^2. (Þjóðskjalasafn Íslands)

Húsið er aðeins grafið niður um 20 sm í jökulruðninginn, sem er mjög lítið miðað við önnur jarðhýsi hér heima og erlendis. Þau jarðhýsi sem komast næst jarðhúsinu í Kópavogi hvað dýptina varðar eru frá Hrísheimum sem grafið var niður um 0,4–0,5 m (Ragnar Edvardsson 2005) og Vogum í Höfnum sem grafið var niður um 0,54–0,59 m. (Bjarni F. Einarsson 2015).



Mynd 4. Túnakort Fífuhvamms frá árinu 1916.. Túnið var 4,1 teigar eða 13 dagsláttur og slétt að mestu. Kálgarður var 580 m^2. (Þjóðskjalasafn Íslands)


Húsið er lengra miðað við breidd en önnur jarðhýsi og það hefur ekki eldstæði eða ofn í einu horninu eins og öll önnur jarðhýsi sem hafa ofn eða eldstæði á annað borð.

Á gólfinu er steinalögn sem talið var vera eldstæði, öll lögnin eða hluti hennar. Hús það sem líkast er þessu meinta jarðhúsi á Íslandi verður að

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

teljast eldhús (Hús 9C) landnámsbýlisins Granastaða á Eyjafjarðardal í Eyjafirði, sem grafið var 1990-91. Var það hús áfast skálanum. (Bjarni F. Einarsson 1995(a):83-85). Annað hús má nefna en það er hús í Breiðuvík á Tjörnesi (Guðmundur Ólafsson 2001). Það var talið vera sömu gerðar og húsið á Granastöðum, áfast skála. Hvorugt húsið er þó sömu gerðar og húsið í Kópavogi sem getur ekki talist til jarðhýsa samkvæmt norrænni skilgreiningu þó það sé lítið eitt grafið niður. Til eru skálar sem eru grafnir niður í svörðinn og jafnvel kirkjur.


Smiðjan ofan á jarðhúsinu segir okkur einnig að skammt frá hafi verið býli um 1200. Smiðjur virðast stundum hafa verið einhvern spöl frá bæjarhúsum í öndverðu en færst svo nær býlunum, trúlega í upphafi miðalda, sbr. Stöng o.fl. bæi.



Mynd 5. Túnakort Digraness frá 1916. Túnið var 4 teigar eða 12,8 dagsláttur. Segir að öðru leiti hafi verið kargaþýft. Kálgarðurinn var 1000 m². (Þjóðskjalasafn Íslands).

Niðurstaðan er því sú að allt bendir til þess að hið svokallaða jarðhús í Kópavogi sé í raun hluti af skála sem var hugsanlega lítið eitt grafinn niður í svörðinn.

Við önnur bæjarstæði í Kópavogi, Hvamm (Fífuhvamm), Digranes og Vatnsenda, eru/voru vafalítið mjög fornar minjar. Fífuhvammur er horfinn að mestu leyti af yfirborði (sjá túnakort á mynd 4), og Digranes horfið að talsverðu leyti (sjá túnakort á mynd 5) þó ýmislegt markvert kunni að leynast þar enn undir grasrótinni. Við Vatnsenda er enn búið og bæjarstæðið og nánasta umhverfi þess geymir örugglega mikið af upplýsingum um forsögu þess bæjar sem gæti hafa



Mynd 6. Túnakort Vatnsenda frá 1916. Túnið var 4,2 teigar eða 13,4 dagsláttur. Var það mikið sléttað en um helmingur smáþýfður. Kálgarðurinn var 880 m². (Þjóðskjalasafn Íslands).


Skjal sótt af '000000000000' dags: 25.10.2026

verið talsverð, samanber orðalag Máldagaskrá Viðeyjarkirkju hér að framan. Í raun má segja að núverandi íbúðarhús standi á eða við bæjarhól, en slíkir hólar geyma yfirleitt gríðarlegt magn upplýsinga um búskaparhætti á liðnum öldum (sjá túnakort á mynd 6).

Niðurstaðan er því sú að þó að ritaðar heimildir segi ekki mikið um mannlífið á Kópavogsbæjunum að fornu og að svæðið virðist ekki hafa komið við sögu helstu atburða Íslandssögunnar, þá geyma fornleifarnar gríðarlegt magn af upplýsingum sem eru enn mikilvægari þegar hinar rituðu heimildir skortir. Í tilviki Kópavogs eru þær að sumu leyti einu heimildirnar sem við höfum um mannlíf og sögu svæðisins fyrstu aldirnar.

Að lokum skal getið þeirra fornleifarannsókna eða kannana sem farið hafa fram í bænum til viðbótar við Kópavogsrannsóknina.

Bæjarstæði Digraness var lítilega kannað af Þjóðminjasafni Íslands árið 1980 (Guðmundur Ólafsson 2013). Var vinnuskóli Kópavogs fenginn til að hreinsa ofan af bæjarstæðinu og í kjölfarið mættu starfsmenn Þjóðminjasafns og hreinsuðu hleðslurnar og teiknuðu upp bæinn. Þegar þetta var gert nutu minjarnar ekki verndunar þjóðminjalaga sökum aldurs síns, en þær voru frá fyrri hluta 20. aldar. Að öðru leyti virðist bærinn ekki hafa verið rannsakaður frekar og við eftirgrennslan var það staðfest (Þór Magnússon 1987:177).



Mynd 3. Grunnmynd af rústum Digraness. Strikalínan neðst til vinstri sýnir vegg íþróttahússins. Norðurátt er til vinstri (Digranes T-1, G.Ó. og Á.Ó.G.).

5


Mynd 7. Flatarteikning af Digranesbænum eins og hann leit út á síðasta skeiði sínu. (Guðmundur Ólafsson 2013:8). Að mati höfundar (BFE) gætu hlutverk húsanna hafa verið: 1 stofa. 2 líklega eldhús. 3 líklega baðstofa eða skáli. 4 gæti hafa verið skemma. 5 fjós. 6 hugsanlega hlaða. 7 fallið hús. 8 hugsanlega búr. 9 ?. 10–11 voru ókönnuð og 12 var bæjarstéttin.

Skammt frá Digranesi stóð rúst sem líklega var fjárhús frá bænum. Var rústin fjarlægð með vélgröfu undir eftirliti Þjóðminjasafns. Engin skýrsla er

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

til um þessar framkvæmdir en við eftirgrennslan fengust ýmsar upplýsingar sem sjá má í fornleifaskrá (sjá fornleifar nr. 16:4).

Í ársskýrslu Þjóðminjasafns Íslands árið 1986 er þess getið að könnun hafi verið gerð við hið gamla bæjarstæði Kópavogs og hafi Kópavogur kostað þær (Þór Magnússon 1987:177). Við eftirgrennslan kom í ljós að aðeins hafi verið um framkvæmdaeftirlit að ræða. Árið 2014 kom skýrsla um framkvæmdirnar sem komu til vegna holræsagerðar meðfram sjávarbakkanum á milli bæjarhóla Kópavogsbæjanna. Fannst þar ein útihúsarúst sem var talin vera eigi eldri en frá 16. öld og yngstu byggingarskeiðin frá síðari hluta 19. aldar. Þessar rústir fá númerið 1:13 í fornleifaskrá.



Mynd 8. Ljósmynd af beinagrind Sigurðar Arasonar þegar hún var rannsökuð. Á vantaði höfuðið enda hafð það verið sett á staur við líkið. (Guðmundur Ólafsson 1986).

Í Sögu Kópavogs I segir að þegar klóak hafi verið grafið fyrir neðan Kópavogshælið, meðfram Fífuhvammsvegi, hafi verið fylgst með verkinu af fornleifafræðingi og hann skráð og teiknað upp eftir þörfum (Magnús Þorkelsson (a) 1990:176). Hér var um sömu framkvæmdir að ræða og frá er sagt á undan.

Árið 1988 voru tvær dysjar rannsakaðar er gengu undir heitinu Hjónadysjar (sjá mynd 8). Kom í ljós að þar hvíldu maður og kona og getum að því leitt að þau hafi verið Sigurður Arason frá Árbæ og Steinunn Guðmundsdóttir, einnig frá Árbæ sem dæmd voru árið 1704 fyrir morð á eiginmanni Steinunnar, Sæmundi Þórarinssyni (Guðmundur Ólafsson 1996, Magnús Þorkelsson 1990(b):209-10 & Matthías Þórðarson 1929:9-10).

Vegna fyrirhugaðrar íbúðabyggðar í nágrenni Vatnsendabæjarins þurfti að raska gamla túngarði bæjarins og var hann kannaður haustið 2000 með því að grafa þrjú þvernsið og þá komu í ljós tveir túngarðar, eða öllu heldur eldri og yngri kynslóð garðsins. Um aldur þeirra varð ekki komist, en líkur á að sá eldri væri eigi eldri en 1776 og sá yngri líklega hlaðinn úr grjóti hins eldri að hluta eftir fyrri heimsstyrjöld. (Bjarni F. Einarsson 2001:13).

Haustið 2018 voru rústir undir Hádegishólum rannsakaðar vegna stígagerðar í nágrenninu. (Bjarni F. Einarsson 2018). Niðurstöðurnar bentu til þess að um stekk hafi verið að ræða frá 1550-1650. Vísbendingar voru um að eldri minjar væru að hluta undir stekknum og vestan við hann.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Tvær aðrar rannsóknir hafa farið fram í sveitarfélaginu, annarsvegar á ungum húsgrunni og steinhleðslum í Vatnsendahvarfi (Bjarni F. Einarsson 2004) og hins vegar ungum kartöflu- eða kálgarði í Vatnsendahvarfi. (Sandra Sif Einarsdóttir 2008). Báðar rústirnar höfðu lítið sem ekkert minjagildi.

Í ágúst 2019 var Hallberuhellir mældur og teiknaður upp í tengslum við verkefnið *Dysjar hinna dæmdu*. Einnig var könnunarskurður grafinn á miðju gólfi í hellinum og í eldstæði í honum vestanverðum. Ekki var hægt að aldursgreina neitt nema minjar um veru skáta í hellinum. (Sigrún Hannesdóttir o. fl. 2019:7).



Mynd 9. Flatar- og sniðteikning af túngarðinum á Vatnsenda. Dökku steinarnir sýna ytri steina garðsins, hins eldri og yngri.

Um rannsóknirnar í Þingnesi árin 1982-86 verður ekki fjallað hér, enda staðurinn að mestu í landi Reykjavíkur og rannsóknirnar þeim megin.

4.2 „Commissionen for oldsagers opbevaring“

Árið 1807 var með konungsboði sett á laggirnar nefnd til varðveislu fornminja í Danmörku og nýlendum hennar (Frásögur um fornaldarleifar 1983). Fékk nefnd þessi nafnið *Commissionen for oldsagers opbevaring*. Nefndin sendi spurningalista til allra sókna konungsveldisins og til Íslands bárust þessir listar árið 1809, á dönsku. Listarnir skiluðu sér illa vegna lélegra samgangna og ófriðar í álfunni.

Nokkrum árum síðar, eða árið 1817, bættust tveir nefndarmenn í *Commissionen* eins og nefndin var kölluð. Var annar þeirra Finnur Magnússon prófessor. Hann fékk það hlutverk að sjá um tensl nefndarinnar við Ísland. Hann þýddi og staðfærði spurningalista *Commissionen* og sendi þá þegar til Íslands sama ár. Viðbrögðin voru nú snöggtum skárri og alls bárust svör frá u. þ. b. 170 prestum.

Áður en að Finnur varð nefnarmaður hafð hann gert úttekt á fornleifum í landinu fyrir nefndina. Á grundvelli þessarar úttektar var fyrsta friðlýsingin gerð á fornleifum hér á landi árið 1817. Alls voru 10 fornleifar friðlýstar á grundvelli úttektar Finns og bar þar mest á rúnasteinum, 5 talsins. Að auki var ein rúnaáletrun í Múlakirkju í Þingeyjarsýslu, Borgarvirki í Húnavatnssýslu, dómhringur á Þingvöllum og á Þórsnesi og Snorralaug í Reykholti.

Árni Helgason (1777–1869), dómkirkjuprestur í Reykavík árin 1814–1825, svaraði nefndinni árið 1821. Í fornleifaskýrslu sinni telur hann upp

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

þrjá gripi, alla tilheyrandi Dómkirkjunni í Reykjavík. Í bréfi til Finns, dags. 1. mars sama ár, barmar Jón sér yfir fátækt sóknarinnar. Hann segir:

> Hún er fyrst ein sú fátækasta á landinu af gömlum Meniagripum, þad sem hingad hefur komid, er jafnodum burtflutt til Kaupenhavnar af þeim utlendu er hellst hafa reist um sudurland. Af Sogum vorum er ecki ad ráda ad her á Nesi hafi nockud Hof verid i fornöld, þes siást ej heldur Menjar. Eingin veit her til Hauga, nema Óbóta manna sem dysiadir eru nálægt Kopavogi, Þingstad fornum her i Sveit. Þad er furdulegt ad í þeim stad sem fyrst bygdist á landinu skuli hvérgi siást neitt þeirra handaverk og nærri hvergi í Sögum getid þeirra sem hér hafa búid. (Frásgöur um fornaldarleifar 1983:252).

Lýsingar af þessu tagi voru algengar um allt land og ekkert einsdæmi að prestar teldu sínar sóknir skorta fornaldarminjar jafnt sem önnur gæði.

Í bréfi sem Árni prestur sendi með skýrslu sinni dagsettu þann 20 júní 1821 skýrir hann nánar út ástæður þess að á hans ófrjósama landshorni finnist ekkert markvert, þrátt fyrir að sjálfur Ingólfur Arnarson hafi numið þar land. Árni skrifar:

> Vel tog Ingolf den förste Landnamsmand sig Boepæl i Reykevig; men baade dadlede hans Folkl da strax, denne hans Beslutning, og sagde de havde reist over alt for frugtbare Strækninger for at nedsætte sig her paa den nögne Kyst; og tillige fortælles at Jngolf siden efter, fandt det raadeligt at flytte her fra til Ølveset i sine ældre Aar, hvor hans Gravhöj ogsaa er at see. ... Hof eller Tingstæd tales ikke heller om i dette Sogn; de som boede her sögte först Kialarnes, og siden til Hofstad på Alftenes ... Her af synes jeg det er rïmeligt at paa dette Sted skulle man ikke vænte at finde Oldsagers Levninger. (Sama 1983:256).

Á þessum árum var skilgreining manna á fornleifum talsvert önnur en í dag og rústir í venjulegum skilningi ekki taldar til fornleifa. Yfirleitt áttu menn við leifar frá hinum glæsta þjóðveldistíma, sérstaklega tengdar rituðu máli (rúnaristum, gömlum bókum), þinghaldi og trúarbrögðum.

5 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna - sjálfbær þróun

Um sjálfbæra þróun í fornleifavörslu hefur ekki margt verið ritað áður. Hér skal gerð tilraun til að skilgreina hana með tilliti til minjavörslunnar. Hugtakið fornleifavarsla er hér notað sem hluti af hugtakinu minjavarsla, sem er víðtækara hugtak og nær m. a. yfir hús og stríðsminjar svo að dæmi séu tekin. Fornleifavarsla nær því yfir vörslu fornleifa samkvæmt strangri skilgreiningu laga um menningarminjar um hugtakið fornleifar.

Á heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Ríó vorið 1992 var ákveðið að semja Staðardagsskrá 21 (*Agenda 21*). Á veraldarvefnum segir svo um dagskrána:

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Staðardagskrá 21 er heildaráætlun um þróun hvers samfélags um sig fram á 21. öldina. Þessi áætlun á að vera nokkurs konar forskrift að sjálfbærri þróun, þ.e.a.s. lýsing á því hvernig samfélagið ætlar að fara að því að tryggja komandi kynslóðum viðunandi lífsskilyrði á Jörðinni. Áætlunin snýst ekki eingöngu um umhverfismál, heldur er henni ætlað að taka jafnframt tillit til efnahagslegra og félagslegra þátta. Eitt aðalatriðið í hugmyndafræðinni sem að baki liggur, er að umhverfismál verði aldrei slitin úr samhengi við önnur mál, heldur beri að skoða áhrif mannsins á umhverfi sitt í víðu samhengi.

12. mars 1998 var undirritaður samstarfssamningur milli utanríkisráðuneytisins og Sambands ísl. sveitarfélaga um 18 mánaða verkefni sem miðaði að gerð umhverfisáætlana í sveitarfélögum – Staðardagskrá 21. Hluti af vinnuferli Staðardagskrárinnar er m.a. að afla upplýsinga um menningarminjar sem kunna að finnast í einstökum sveitarfélögum. Liður í frumvinnu að Staðardagskrá 21 var að skrá allar fornleifar í Kópavogi, auk þess að vera lögbundinn hluti af endurskoðun aðalskipulags eins og fram kemur m.a. í inngangi. Lykilhugtakið í Staðardagskrá 21 er *sjálfbær þróun*. Hugtakið hefur verið skilgreint á eftirfarandi hátt: *Sjálfbær þróun* er þróun sem gerir okkur kleift að mæta þörfum okkar án þess að stefna í voða möguleikum komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum.

Umhverfismál fjalla um nýtingu auðlinda, mengun og um samskipti okkar við náttúruna sem við byggjum lífsafkomu okkar á. Vaxandi álag og ágengni á umhverfið og gæði náttúrunnar sýna okkur að nauðsynlegt sé að umgangast umhverfi okkar og auðlindir með aðgát og virðingu. *Sjálfbær þróun* er heiti á hugmyndafræði sem miðar að því að nýta þessi grundvallargæði á skynsamlegan hátt, þannig að komandi kynslóðir geti notið þeirra til jafns við okkur. Í dag er yfirskriftin Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem samþykkt voru árið 2015 og er áætlun til ársins 2030 (www.heimsmarkmidin.is). Eitt af undirmarkmiðum heimsmarkmiðanna er að blásið verði til sóknar til þess að vernda og tryggja náttúru- og menningararfleifð heimsins (undirmarkmið 11:4).

Umhverfið er samsett úr áþreifanlegum hlutum eins og bergi, gróðri og mannvirkjum. Í því er einnig að finna minningar um liðna tíma sem geta verið hlutgerðir í föllnum rústum sem við köllum fornleifar. Eins geta minningarnar verið óhlutgerðar í örnefnum og sögnum í umhverfinu. Ef við eyðum þessum rústum eða minningum gerum við afkomendum okkar ókleift að rýna í þessa hluti til gagns og gamans og að upplifa samhengi hlutanna og stöðu sinnar eigin tilveru. Þar með tökum við frá þeim hluta af sögunni. Við gerum þeim með öðrum orðum ókleift að rannsaka sína eigin sögu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Nr.	Teg.	Fj.	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislug.	Friðlýst	Mótv.	Mynd
1:1	Þingbúð	1	Engin	Sæmilegt	1550-1900	Hátt (8)	Hátt (8)	Já	Engar	1
1:2	Hringgarður	1	Engin	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Engar	1
1:3	Stétt (hringstétt)	1	Engin	Sæmilegt	-1550	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Engar	1
1:4	Smiðja	1	Engin	Sæmilegt	-1550	Hátt (7,5)	Hátt (7,5)	Nei	Engar	1
1:5	Jarðhús **(skáli?)**	1	Engin	Lélegt	-1550	Hátt (9)	Hátt (9)	Nei	Rannsókn	1
1:6	Túngarður	1	Mikil	Lélegt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Snið	1
1:7	Rúst	1	Lítil	Lélegt	1550-1900	Hátt (7,5)	Hátt (7,5)	Nei	Rannsókn	1
1:8	Rúst	1	Lítil	Ágætt	1550-1900	Hátt (7,5)	Hátt (7,5)	Já	Rannsókn	1
1:9	Gata	1	Lítil	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Snið	1
1:10	Bæjarhóll	1	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Hátt (8)	Hátt (8)	Nei	Rannsókn	1
1:11	Rúst	1	Engin	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn	1
1:12	Rústahóll (bæjarhóll)	1	Engin	Lélegt	1550-1900	Hátt (8)	Hátt (8)	Nei	Rannsókn	1
1:13	Rúst	1	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Rannsókn	1
2:1	St. tengdur þjóðtrú	1	-	Horfin	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar	2
3:1	St. tengdur þjóðtrú	1	-	Horfin	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar	2
4:1	Bæjarstæði	1	-	Horfin	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn	2
5:1	Bæjarstæði	1	-	Horfin	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn	2
6:1	St. tengdur þjóðtrú	1	Lítil	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar	2
7:1	Garður	1	Talsverð	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Snið	2
8:1	St. tengdur þjóðtrú	1	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar	2
9:1	Stekkur og garður	2	Mikil	Lélegt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Snið	2
10:1	St. tengdur þjóðtrú	1	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar	3
11:1	St. tengdur þjóðtrú	1	-	Horfin	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar	3
12:1	Landamerki	1	Mikil	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar	5
13:1	Garður	1	Mikil	Sæmilegt	1900-	Lítið (1)	Lítið (1)	Nei	Engar	4
14:1	Garður og mannv.lag	2	Mikil	Lélegt	1550-199	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Snið	4
15:1	St. tengdur þjóðtrú	1	Lítil	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar	4
16:1	Bæjarstæði	1	Mikil	Lélegt	1550-1900	Hátt (7,5)	Hátt (7,5)	Nei	Rannsókn	3
16:2	Stétt (traðir)	1	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Nei	Snið	3
16:3	Kálgarður	1	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Nei	Snið	3
16:4	Rúst (fjárhús)	1	-	Horfin	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Engar	3
17:1	Brú	1	Lítil	Lélegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Engar	3
18:1	Bæjarstæði	1	Mikil	Léleggt	1550-1900	Hátt (7,5)	Hátt (7,5)	Nei	Rannsókn	6
19:1	Rústir og garður	3	Lítil	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn	6
20:1	St. tengdur þjóðtrú	1	-	Horfin	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Nei	Engar	6
21:1	Vatnsból	1	-	Horfin	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Engar	6
22:1	St. tengdur þjóðtrú	1	-	Horfin	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar	6
23:1	Landamerki	1	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar	3
24:1	Fjárborg og gerði	2	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn	4
25:1	Vað	1	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar	4
26:1	Fornleið	1	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Engar	1
27:1	Náma	1	Engin	Ágætt	1900-	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Prufuholur	5
28:1	Eyktarmark	1	-	Horfin	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar	5
29:1	Eyktarmark	1	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar	7
30:1	Eyktarmark	1	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar	6
31:1	Rúst	1	Engin	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn	6
32:1	Eyktarmark (landam.)	1	Lítil	Lélegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar	8
33:1	Dysjar	2	-	Rannsakaðar	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Já	Engar	1
34:1	Dysjar	2	-	Horfnar	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Já	Engar	1
35:1	Dysjar	>2	-	Horfnar	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Engar	3
36:1	Vað	1	-	Horfin	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar	1
37:1	Vað	1	-	Horfin	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar	3
38:1	Landamerki	1	-	Horfin	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar	7
39:1	Landamerki	1	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar	9
40:1	Vað	1	-	Horfin	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar	13
41:1	Vað	1	-	Horfin	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar	13
42:1	Rúst (stekkur?)	1	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn	10
43:1	Vatnsleyðsla	1	-	Horfin	1900-	Lítið (1)	Lítið (1)	Nei	Engar	10
44:1	Túngarður	1	Mikil	Rannsakaður	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Nei	Engar	10
45:1	Rústahóll	1	Lítil	Lélegt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn	10
46:1	Varða	1	Engin	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Rannsókn	11
47:1	Fjárhús (beitarhús)	1	Engin	Ágætt	1900-	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn	11
48:1	Beitarhús	1	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6,5)	Talsvert (6,5)	Nei	Rannsókn	11
49:1	Varða	1	-	Horfin	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engin	11
50:1	Varða	1	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Rannsókn	11
51:1	Varða	1	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Rannsókn	11
52:1	Rúst	1	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Já	Rannsókn	12
52:2	Rúst	1	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Já	Rannsókn	12
52:3	Rúst	1	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Já	Rannsókn	12
53:1	Rúst	1	Engin	Ágætt	1900-	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar	4
53:2	Rúst	1	Engin	Ágætt	1900-	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar	4
57:1	Garður (rækt.steinar)	1	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Snið	4
58:1	Rúst	1	Engin	Lélegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Rannsnókn	10
77:1	Beitarhús	1	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn	9
78:1	Rúst	1	Engin	Ekkert	1550-1900	Talsvert (5,5)	Talsvert (5,5)	Nei	Rannsókn	1
79:1	Landamerkjastólpi	1	Engin	Ekkert	-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar	4
80:1	Ræktunarsteinar	1	Engin	Ekkert	-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar	4
84:1	Landamerki	1	Engin	Ekkert	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Engar	7
85:1	Dys?	1	Engin	Ekkert	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Rannsókn	1
	Samtals:	*87*				**Meðaltal:** *6,67*	**Meðaltal:** *6,67*			

Tafla 1. Skrá yfir fornleifar/minjar sem skráðar voru í Kópavogi 2019. Sérstaklega er bent á að upplöndin voru ekki skráð í þessari umferð. Þó að forneifar séu horfnar, er samt lagt mat á minja- og varðveislugildi og þá miðað við sambærilega staði og þeirra gildi. Einkun hins svokallaða jarðhúss er hér miðuð við að greining höfundar sé rétt og að um fornan skála sé að ræða. Aftasta röðin, Loftmynd vísar á númer loftmynda sem fornleifarnar eru merktar inn á.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Þess vegna er mikilvægt að þegar fornleifar eru í uppnámi vegna framkvæmda, að þær séu rannsakaðar á fræðilega viðunandi hátt. Við rannsókn öðlast fornleifarnar annað líf, líf sem er geymt á bókum eða í skýrslum. Þannig tryggjum við aðgang komandi kynslóða að fornleifunum og því sem þær geyma, sem er hluti af menningarsögunni. Þetta er sjálfbær þróun í minjavörslunni. Íslenskar fornleifar eru hluti af menningararfleifð heimsins og einstakar í sinni röð.

6 Fornleifarnar

Í Kópavogi voru 61 staðir skráðir og á þeim voru meira en 87 fornleifar/minjar, en það stafar af því að staður nr. 35 hefur óþekktan fjölda fornleifa. Eru það dysjar þær sem breskir setuliðsmenn komu niður á þegar þeir byggðu kampa sína við Hamraborg og kölluðu *Skeleton hill*. Hér eru þær taldar a. m. k. tvær. Einnig má ganga út frá því sem vísu að bæjarstæðin geymi fleiri en einar fornleifar, þó hér séu þær taldar einar við hvert bæjarstæði nema þega annað er augljóst.

Ekki eru allar minjarnar eiginlegar fornleifar (100 ára eða eldri), sbr. töflu 1. Þær eru þó skráðar vegna þess að þær gætu verið ofan á eldri minjum, eru einkennandi fyrir byggingarhefð svæðisins, eru skráðar til að fyrirbyggja seinni tíma rugling og/eða eru einstakar.

Fjórir staðir eru friðlýstir. Eru þeir *Kópavogsþingstaður*, *Hjónadysjar*, *Systkinaleiði* (allar undir sömu friðlýsingu) og *Þingnes*. Allir staðirnir voru friðlýstir sama daginn árið 1938 (Fornleifaskrá 1990:11). Þingnes er þó að mestu leyti í landi Reykjavíkur þó rústirnar séu taldar vera í landi Kópavogs í friðlýsingarskránni. Þær fornleifar sem þar voru skráðar nú í landi Kópavogs hafa ekkert með þingrústirnar að gera, en vegna orðalags friðlýsingarinnar teljast þær einnig friðlýstar. Í friðlýsingunni segir:

> Mannvirkjaleifar á hinum forna Kjalarnessþingstað í Þingnesi, sem gengur út í Elliðavatn að sunnanverðu (Fornleifskrá 1990:11).

Þetta þýðir að allar rústir, bæði þær sem tilheyra sjálfum þingstaðnum sem og aðrar rústir á nesinu óháð sveitarfélögsmörkum eru friðlýstar.

Í friðlýsingu Kópavogsþingstaðar segir:

> 1. Þinghústóft syðst á túninu [nr. 1:1] og fangakofatóftir skamt frá [nr. 1:7-8]. 2. Dysjar austan túns, nefndar Hjónadysjarnar [nr. 33:1] og Systkinaleiðin [nr. 34:1].

Ekki er svæðið tilgreint nánar. Tvær rústir við sjálfan þingstaðinn eru því taldar friðlýstar. Það þyrfti að endurskoða friðlýsinguna og friðlýsa allt svæðið við þingstaðinn.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Þinghústóftin (þingbúð, nr. 1:1) á Kópavogsþingstað var rannsökuð árin 1973–76, auk nokkurra minja undir henni (Guðrún Sveinbjarnardóttir 1986). Rústin virðist síðan hafa verið endurhlaðin á staðnum. Hjónadysjar voru rannsakaðar og fjarlægðar árið 1988 (Guðmundur Ólafsson 1996), en Systkinaleiði hvarf á fyrri helmingi síðustu aldar án nokkurra rannsókna. Á Þingnesi hófst rannsókn sumarið 1982 og stóð yfir í nokkur sumur (Guðmundur Ólafsson 2004(a-b). Ekki er víst að rannsóknum þar sé lokið.

Sé endurtúlkun höfundar á hlutverki hins svokallaða jarðhúss á Kópavogsþinstaðnum rétt eru þarna fleiri rústir frá því að fólk tók að koma til landsins. Um ástand þeirra verður lítið sagt, en líklega er það þokkalegt þar sem nútíminn náði aldrei að setja mark sitt á staðinn með tilheyrandi jarðraski.

Heimildir

Bjarni F. Einarsson (a). *The Settlement of Iceland; a Critical Approach. Granastaðir and the Ecological Heritage*. Reykjavík 1995.

Sami (b). Fornleifaskrá Reykjavíkur. *Skýrslur Árbæjarsafns XLVI*. Reykjavík 1995.

Sami (a). „Um fornleifaskráningu á Íslandi, upphaf og ástæður. Fyrri grein: Upphafið og lögin.“ *Sveitarstjórnarmál*. 1. tbl. 1996.

Sami (b). „Um fornleifaskráningu á Íslandi, upphaf og ástæður. Síðari grein: Skyldur okkar gagnvart fortíðinni. *Sveitarstjórnarmál*. 2. tbl. 1996.

Sami. „Fornleifaskráning á Íslandi: Forsendur og markmið.“ *Fréttabréf* safnmanna. 6. árg. 1. tbl. 1997.

Sami. *Fornleifaskrá Kópavogs*. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2000.

Sami. Vatnsendi. *Snið í túngarð. Skýrsla um prufuholugröft haustið 2000*. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2001.

Sami. *Vogur. Landnámsaldarbýli í Höfnum, Reykjanesbæ*. Skýrsla IV. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2013.

Sami. *Landnám og landnámsfólk. Saga af bæ og blóti*. Skrudda 2015.

Sami. *Rúst undir Hádegishólum. Rúst 31: í Kópavogi, Gullbringusýslu*. Skýrsla um rannsókn á skepnuhúsi. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2018.

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Sæmilegt	1550-1900	-			Nei

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	6	Talsvert	6	Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Á miðju túni, 2 m S af malbikuðum göngustíg og um 30 m V af styttu („Kópurinn“).

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.
10 x 15 m (ANA - VSV), sporöskjulaga og 0,6 m há.
Rústin er sléttuð og engin nánari lögun greinanleg. Traðirnar að bænum (bæjarhólnum nr. 10) liggja fast upp við norður hliðina.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari	Bjarni F. Einarsson 2000
Filma nr./teg. myndar	Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að grafa hana með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur	1000		1

Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.
Kópavogur	-	Bæjarhóll	12

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	19.7.2019	E 358407.3 N 403541.3	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Rústahóll (bæjarhóll)		Kóp 19	1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Lélegt	1550-1900	-			Nei

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Hátt	8	Hátt	8	Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Um 45 m NV af bæjarhólnum (nr. 10) og um 4 m N af malbikuðum göngustíg. Í túni.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Kópavogur. Safnað hefur Adolf J.E. Petersen. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Guðmundur Ólafsson. Fornleifakönnun í Kópavogi. Rannsóknarskýrslur fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands 1986:1. Reykjavík 2014.

Lýsing

Rústahóll (bæjarhóll).
Um 40 m í þvermál. Hóllinn er sléttaður. Engar eiginlegar rústir eru sýnilegar, en afar líklegt er að rústir séu undir grassverðinum og eru líklega allir hólar í næsta nágrenni í túninu undir í þeim efnum. Erfitt er að aðgreina svæðið svo að vel fari, en þó er austur hlutinn greinilegur.

Í örnefnaskrá er getum að því leitt að Kópavogsbærinn hafi staðið hér áður en hann var fluttur nær sjónum og enn síðar þangað sem hann stendur nú.

Ekki er hægt að útiloka að allir hólar í námundan við bæjarstæðið kunni að geyma rústir.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari	Bjarni F. Einarsson 2000
Filma nr./teg. myndar	Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Í Ársskýrslu Þjóðminjasafns Íslands er þess getið að könnun hafi verið gerð við hið gamla bæjarstæði Kópavogs og hafi Kópavogur kostað þær (Þór Magnússon 1987:177). Mun þetta hafa verið framkvæmdaefturlit (Guðmundur Ólafsson 2014). Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að grafa hana með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur	1000		1

Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.
Kópavogur			13

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	17.9.2019	-	-	-	-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Rúst	Útihús	Kóp 19	1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Landeyðing	Mikil	Lélegt	1550-1900				Nei

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	4	Lítið	4	Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Á sjávarbakkanum á milli bæjarhólanna (nr. 10 og 12).

Heimildir og munnmæli


Guðmundur Ólafsson. *Fornleifakönnun í Kópavogi.* Rannsóknarskýrslur fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands 1986. Reykjavík 2014.

Lýsing

Rúst.
5 x 8 m (NV–SA). Veggir úr torfi og grjóti, um 1 m breiðir og 0,3 - 1 m á hæð. Tvö hólf voru í rústinni. *„Rústin var opin til norðurs og snýr gafli að sjávarbakkanum, sem er í eins til tveggja metre fjarlægð frá gafli. Þetta bil á milli rústar og bakka er 0,3 m hærra en svæðið umhverfis, sem bendir til þess að þlar sé hluti af mannvirki sem hefur upphaflega náð lengra til suðurs, en nú hefur landbrotið tekið stærsta hluta rústarinnar á sjávarbakkanum. Vestur af rústinni lá um sjö metra langur garður fremst á bakkanum. Hann virðist hafa verið hlaðinn, þó ekki sé hægt að útiloka að þetta sé aðeins moldarhryggur sem myndast hefur þegar túnið var sléttað.*
Austur af rústinni var um þriggja metra löng garðhleðsla úr grjóti, sem endar út við sjávarbakkann.“ (Guðmundur Ólafsson 2013:4–5).

Rúst þessi hefur vafalaust tilheyrt eldri Kóvavogsbænum (nr. 12).

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari	Guðmundur Ólafsson
Filma nr./teg. myndar	-

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leita leyfis Minjastofnun Íslands og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur	1000		2

Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.
Kópavogur	-	Kórssker (Kárasker)	1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	30.3.2000	-		-	-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Staður tengdur þjóðtrú		Kóp 19	1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
-	-	Horfin	1550-1900	-			Já

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	2	Lítið	2	Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Var úti fyrir Kársnesinu og sást þegar fjaraði.

Heimildir og munnmæli

Andrés Kristjánsson. „Hafnargerð við Kársnes.“ *Saga Kópavogs III*. Kópavogur 1990. Bls. 235-239.

Anna H. Þorsteinsdóttir og Inga Þóra Þórisdóttir. *Þjóðsögur og sagnir úr Kópavogi.* Rótarýklúbbur Kópavogs [1995]. Bls. 102.

Helgi Hallgrímsson. Álfabústaðir og álagablettir í Kópavogi. *Heima er best 38.2.* 1988. Bls. 2:53.

Frh.

Lýsing

Staður tengdur þjóðtrú.

Í skerjunum bjó Kársnesormurinn. Lá hann á gulli og beit í sporðinn á sér. Hann hélt til í skúta (á flóði) er Kór hét og heitir nesið eftir honum, eða Kórsnes. Sumir segja að ormurinn hafi verið í selslíki. Nákvæm staðsetning óviss.

Að sumra mati er hér um unga sögu að ræða sem er tómur uppspuni.

Staðsetning á korti er áætluð og ónákvæm.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari	-
Filma nr./teg. myndar	-

Athugasemdir

Landuppfylling átti sér stað á staðnum 1952-55. Skerin ættu að sjást á eldri loftljósmyndum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur	1000		3

Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.
Kópavogur	-	Kór	1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	30.3.2000	-		-	-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Staður tengdur þjóðtrú		Kóp 19	1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
-	-	Horfin	1550-1900	-			Já

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	2	Lítið	2	Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Kór var einn hellisskúta í klöppum eða klettum með sjó fram á utanverðu Kársnesinu.

Heimildir og munnmæli

Andrés Kristjánsson. „Hafnargerð við Kársnes.“ *Saga Kópavogs III*. Kópavogur 1990. Bls. 235-239.

Anna H. Þorsteinsdóttir og Inga Þóra Þórisdóttir. *Þjóðsögur og sagnir úr Kópavogi*. Rótarýklúbbur Kópavogs [1995]. Bls. 102.

Helgi Hallgrímsson. Álfabústaðir og álagablettir í Kópavogi. *Heima er best 38.2*. 1988. Bls. 2:53.

Frh.

Lýsing

Staður tengdur þjóðtrú.

Í Kór bjó ormur, sem hafðist við á Kórsskeri þegar fjaraði (sjá nr. 2). Nákvæm staðsetning óviss. Hugsanlega var skútinn yst og syðst á nesinu.

Að sumra mati er hér um unga sögu að ræða sem er tómur uppspuni.

Staðsetning á korti er áætluð og ónákvæm.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari	-
Filma nr./teg. myndar	-

Athugasemdir

Hafnargerð hófst á staðnum 1952-55. Lágu þær svo niðri til um 1980, en þá hófust þær að nýju. Skerin ættu að sjást á eldri loftljósmyndum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur	1000		4

Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.
Kópavogur	-	Stóra Bæjarstæði	1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	30.3.2000	-		-	-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Bæjarstæði (eyðibýli)		Kóp 19	1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
-	-	Horfin	1550-1900	-			Já

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	6	Lítið	2	Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Fremst á Kársnesi norðanverðu, nú horfið.

Heimildir og munnmæli

Matthías Þórðarson. „Nokkrar Kópavogs-minjar.“ *Árb. Hins íslenska fornleifafélags 1929.* Reykjavík 1929. Bls. 32.

Örnefni í bæjarlandi Kópavogs. Jarðirnar Digranes, Fífuhvammur, Kópavogur og Vatnsendi. Guðlaugur R. Guðmundsson skráði og staðsetti örnefnin. Handrit. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnaskrá. Safnað hefur Adolf J.E. Petersen. Örnefni í heimalandi Kópavogskaupstaðar. Handrit. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Lýsing

Bæjarstæði (eyðibýli).
Minjar um býlið munu hafa sést í byrjun aldarinnar. Sást þá til fornra túngarða.
Ekkert sést til minja nú og nákvæm staðsetning óviss.
Árið 1926 mun hafa sést til dálítilla túna og mjög fornra túngarða. Engar rústir sáust. Taldi Matthías Þórðarson að hér hafi líklega aldrei getað verið verulegir bæir, heldur hafi hér verið smákofar eða búðir úr timbri, sem fólk hafi hafst við í. (Matthías Þórðarson 1929:32).
Allt eins líklegt er að hér hafi staðið þurrabúðir, eins og algengt var á öllu Reykjanesinu og víðar. Hlýtur þá útræði að hafa verið á utanverðu Kársnesinu.

Ekki er hægt að útiloka að einhverjar minjar um bæinn kunni að finnast við jarðrask á lóðunum í nágrenni bæjarins.

Staðsetning á korti er áætluð og ónákvæm.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari	-
Filma nr./teg. myndar	-

Athugasemdir

Hugsanlega hefur þessi staður verið einhverskonar þurrabúð sem hefur fest sig í sessi og íbúarnir stundað eitthvert skeppnuhald (ekki þurr búð).

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur	1000		5

Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.
Kópavogur	-	Litla Bæjarstæði	1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	30.3.2000	-		-	-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Bæjarstæði (eyðibýli)		Kóp 19	1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
-	-	Horfin	1550-1900	-			Já

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	6	Lítið	2	Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Fremst á Kársnesi, sunnanverðu, nú horfið.

Heimildir og munnmæli

Matthías Þórðarson. „Nokkrar Kópavogs-minjar.“ *Árb. Hins íslenska fornleifafélags 1929*. Reykjavík 1929. Bls. 32.

Örnefni í bæjarlandi Kópavogs. Jarðirnar Digranes, Fífuhvammur, Kópavogur og Vatnsendi. Guðlaugur R. Guðmundsson skráði og staðsetti örnefnin. Handrit. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnaskrá. Safnað hefur Adolf J.E. Petersen. Örnefni í heimalandi Kópavogskaupstaðar. Handrit. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Lýsing

Bæjarstæði (eyðibýli).
Minjar um býlið munu hafa sést í byrjun aldarinnar. Sást þá til fornra túngarða.
Ekkert sést til minja nú og nákvæm staðsetning er óviss, en þó vitað að staðurinn var sunnan við Stóra Bæjarstæði.
Árið 1926 mun hafa sést til dálítilla túna og mjög fornra túngarða. Engar rústir sáust. Taldi Matthías Þórðarson að hér hafi líklega aldrei getað verið verulegir bæir, heldur hafi hér verið smákofar eða búðir úr timbri, sem fólk hafi hafst við í. (Matthías Þórðarson 1929:32).
Allt eins líklegt er að hér hafi staðið þurrabúðir, eins og algengt var á öllu Reykjanesinu og víðar. Hlýtur þá útræði að hafa verið á utanverðu Kársnesinu.

Ekki er hægt að útiloka að einhverjar minjar um bæinn kunni að finnast við jarðrask á lóðunum í nágrenni bæjarins.

Staðsetning á korti er áætluð og ónákvæm.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari	-
Filma nr./teg. myndar	-

Athugasemdir

Hugsanlega hefur þessi staður verið einhverskonar þurrabúð sem hefur fest sig í sessi og íbúarnir haft einhverjar skeppnur (ekki þurr búð).

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur	1000		6

Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.
Kópavogur	-	Borgir (Borgin)	1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	19.7.2019	E 358012.3 N 404341.8	Isn 93	-	

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Staður tengdur þjóðtrú		Kóp 19	1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ábúð	Lítil	Ágætt	1550-1900	-			Já

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	3	Lítið	3	Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

80 m VNV af Kópavogskirkju. Í holti er Borgarholt heytir.

Heimildir og munnmæli

Anna H. Þorsteinsdóttir og Inga Þóra Þórisdóttir. *Þjóðsögur og sagnir úr Kópavogi.* Rótarýklúbbur Kópavogs [1995]:45-46.

Helgi Hallgrímsson. Álfabústaðir og álagablettir í Kópavogi. *Heima er best 38*,2. 1988. Bls. 53.

Matthías Þórðarson. „Nokkrar Kópavogs-minjar." *Árb. Hins ísl.fornleifafélags 1929.* Reykjavík 1929. Bls. 1-33.

Örnefnaskrá. Örnefni í bæjarlandi Kópavogs. Jarðirnar Digranes, Fífuhvammur, Kópavogur og Vatnsendi. Guðlaugur R. Guðmundsson skráði og staðsetti örnefnin. Handrit. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnaskrá. Safnað hefur Adolf J.E. Petersen. Örnefni í heimalandi Kópavogs kaupstaðar. Handrit. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Lýsing

Staður tengdur þjóðtrú.

Þó hér sé ákveðinn staður tilgreindur og merktur inn á kort er oft sagt að Borgirnar séu holtið allt í kringum kirkjuna og þjóðtrúin segir að á því öllu hafi álfar búið. Í örnefnaskrá er þó sagt að Borgir eða Borgin sé 80 m NV af kirkjunni.

Til mun vera teikning af húsum álfanna og sagt er að í dag búi þarna aðeins einn gamall karl og tveir unglingar. Væru þeir á leiðinni í burt.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari	Bjarni F. Einarsson 2019
Filma nr./teg. myndar	Canon EOS 550D

Athugasemdir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur	1000		7

Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.
Kópavogur	-		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	27.7.2019	E 357994.5 N 404278.5	Isn 93	-	

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Garður		Kóp 19	1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ábúð	Talsverð	Lélegt	1550-1900	-			Nei

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	2	Lítið	2	Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Um. 20 m A af íbúðarhúsi við Kastalagerði 13.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Garður.
Úr grjóti, var um 43 m langur árið 2000 (NNA - SSV), 1,5 - 2 m breiður og 0,1 - 0,4 m hár. Nú er garðurinn um 10 m langur.
Garðurinn er talsvert sokkinn. Suður endinn endar við Kastalann, en hann sést ekki lengur.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari Bjarni F. Einarsson 2000

Filma nr./teg. myndar Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur	1000		8

Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.
Kópavogur	-	Kastalar	1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	19.7.2019	E 358006.8 N 404346.7	Isn 93	-	

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Staður tengdur þjóðtrú		Kóp 19	1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	-			Já

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	3	Lítið	3	Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Klettarnir eru á milli Kastalagerðis 5 og 7. Í holti.

Heimildir og munnmæli

Anna H. Þorsteinsdóttir og Inga Þóra Þórisdóttir. *Þjóðsögur og sagnir úr Kópavogi.* Rótarýklúbbur Kópavogs [1995]:53.

Helgi Hallgrímsson. Álfabústaðir og álagablettir í Kópavogi. *Heima er best 38*. 1988. Bls. 2:53.

Matthías Þórðarson. „Nokkrar Kópavogs-minjar." *Árb. Hins ísl.fornleifafélags 1929*. Reykjavík 1929. Bls. 1-33.

Örnefni í bæjarlandi Kópavogs. Jarðirnar Digranes, Fífuhvammur, Kópavogur og Vatnsendi. Guðlaugur R. Guðmundsson skráði og staðsetti örnefnin. Handrit. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnaskrá. Safnað hefur Adolf J.E. Petersen. Örnefni í heimalandi Kópavogskaupstaðar. Handrit. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Lýsing

Staður tengdur þjóðtrú.
Sagt er að Kastalarnir hafi verið 3, vestan undir holtinu. (Matthías Þórðason 1929:32).
Kastalinn er hamrabelti sem liggur nær samsíða Borgarholtsbrautinni, um 100 m langt og 3,5 m hátt. Undir klettunum liggur gangstétt á kafla. Vestur endinn er í húsagarði við Borgarholtsbrautina.
Kastalarnir eru í raun hluti af Borgum, en eru skráðir hér sem einn staður.
Þarna mátti ekki hóa né hafa hátt og ekki mátti rífa þarna lyng annars var huldufólki að mæta.

Sumir segja að neðsti steinninn á neðri myndinni sé sjálfur Kastalinn.

Teikning af svæði



Ljósmynd



Ljósmyndari	Bjarni F. Einarsson 2000
Filma nr./teg. myndar	Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur	1000		9

Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.
Kópavogur	-		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	19.7.2019	E 357989.5 N 404156.3	Isn 93	-	

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Stekkur (?) og garður		Kóp 19	2

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ábúð	Mikil	Lélegt	1550-1900	-			Nei

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	5	Talsvert	5	Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Um 70 m A af sundlaug, sunnanmegin við Borgarholtsbrautina og sunnan megin við berghrygg.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Stekkur (?) og garður.

1) Stekkur (?).

4,5 x 7,5 m (A-V). Veggir úr grjóti, um 1 - 1,5 m breiðir og 0,2 - 0,4 m háir.

Norður hliðin er klöpp. Dyr sjást engar.

Stekkurinn er illa farinn og að mestu leyti grasi gróinn. Greinilegastir eru veggirnir að vestan og austan, upp við klöppina.

Upp að stekknum austanverðum er:

2) Garður.

5 m langur (ANA - VSV). Úr grjóti, 1 - 2 m breiður og 0,2 - 0,5 m hár. Mosavaxinn. Norður endinn liggur upp við klöpp og þar er hann greinilegastur.

Stekkurinn var ekki GPS mældur vegna gróðurs, en garðurinn var mældur inn.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari	Bjarni F. Einarsson
Filma nr./teg. myndar	Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur	1000		10

Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.
Digranes	-	Álfhóll	1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	19.7.2019	E 359799.5 N 404112.6	Isn 93	-	

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Staður tengdur þjóðtrú		Kóp 19	1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	-			Já

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	3	Lítið	3	Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Nokkra metra sunnan við Álfhólsveg, gegnt húsi nr. 127. Efst á Digraneshálsi í holti.

Heimildir og munnmæli

Anna Hedvig Þorsteinsdóttir og Inga Þóra Þórisdóttir. *Þjóðsögur og sagnir úr Kópavogi*. [Kópavogi 1995]. Bls. 35-41.

Örnefnaskrá. Örnefni í heimalandi Kópavogskaupstaðar og næsta nágrennis þess. Safnað hefur Adolf J.E. Petersen. Handrit. Örnefnastofnun.

Örnefni í bæjarlandi Kópavogs. Jarðirnar Digranes, Fífuhvammur, Kópavogur og Vatnsendi. Guðlaugur R. Guðmundsson skráði og staðsetti örnefnin. Handrit. Örnefnastofnun. 1990.

Lýsing

Staður tengdur þjóðtrú.

Klapparhóll með stórgrýti á stöku stað. 16 x 20 m stór (N - S) og 2,5 m hár.

Hóllinn er jökulsorfinn og gróinn á kafla, sérstaklega efst.

Í hólnum eiga álfar að búa. Engar heimildir eru um hólinn fyrr en nokkuð er liðið á þessa öld, en slíkt er altítt um álfhóla, álfasteina eða huldumannabústaði. Þegar Álfhólsvegurinn var lagður átti að sprengja hólinn og leggja veginn yfir hann. Fjármagn þraut og ekkert varð úr því að vegurinn yrði lagður yfir hólinn að þessu sinni. Tæpum áratugi síðar, eða 1947, átti að klára verkið og hafist var handa. En þá komu upp ýmis vandamál sem tengd voru hólnum, svo sem bilun í vinnuvélum og verkfærum. Hætt var við að leggja veginn yfir hólinn, en í staðinn var hann lagður í boga norðan megin við hólinn.

Í lok níunda áratugarins átti að malbika veginn og því þurfti að taka svolítið úr hólnum. Var reynt að bora í hólinn er borinn brotnaði og annar bor sömuleiðis. Aftur var áætlunum breytt og hóllin hélt velli.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari	Bjarni F. Einarsson
Filma nr./teg. myndar	Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur	1000		11

Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.
Digranes	-	Álfabrekkur	1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	05.04.2000	-		-	-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Staður tengdur þjóðtrú		Kóp 19	1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
-	-	Horfin	1550-1900	-			Nei

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	2	Lítið	2	Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Brekkan niður af Álfhól.

Heimildir og munnmæli

Anna Hedvig Þorsteinsdóttir og Inga Þóra Þórisdóttir. *Þjóðsögur og sagnir úr Kópavogi.* [Kópavogi 1995]. Bls. 41-43.

Örnefnaskrá. Örnefni í heimalandi Kópavogskaupstaðar og næsta nágrennis þess. Safnað hefur Adolf J.E. Petersen. Handrit. Örnefnastofnun.

Örnefni í bæjarlandi Kópavogs. Jarðirnar Digranes, Fífuhvammur, Kópavogur og Vatnsendi. Guðlaugur R. Guðmundsson skráði og staðsetti örnefnin. Handrit. Örnefnastofnun. 1990.

Lýsing

Staður tengdur þjóðtrú.

Svæðið er albyggt í dag og ekki hægt að benda á einn stað, en þó hefur verið sagt að staðurinn sé einkum tengdur íbúðarblokkinni við Þverbrekku 2-4 og Selbrekku 20. Sagt er að sumstaðar megi ekki hrófla við neinu.

Þegar háhýsin í Þverbrekkunni voru reist spunnust miklar sögur um staðinn, sérstaklega neðri bygginguna. Þarna eiga álfar að hafa bústað og þarna var álagablettur. Urðu ýmis óhöpp og slys á byggingasvæðinu sem engar skýringar hafa fengist á.

Staðsetning á korti er áætluð og ónákvæm.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari	Bjarni F. Einarsson
Filma nr./teg. myndar	Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur	1000		12

Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.
Digranes	-	Einbúi	1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	19.7.2019	E 360128.3 N 404103.8	Isn 93	-	

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Landamerki - náma		Kóp 19	1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Byggingar	Mikil	Ágætt	1550-1900	-			Já

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	3	Lítið	3	Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Við Skemmuveg (bleik gata), á milli húsa nr. 34, 36 og 48.

Heimildir og munnmæli

Anna Hedvig Þorsteinsdóttir og Inga Þóra Þórisdóttir. *Þjóðsögur og sagnir úr Kópavogi.* [Kópavogi 1995]. Bls. 46.

Örnefnaskrá. Örnefni í heimalandi Kópavogskaupstaðar og næsta nágrennis þess. Safnað hefur Adolf J.E. Petersen. Handrit. Örnefnastofnun.

Örnefni í bæjarlandi Kópavogs. Jarðirnar Digranes, Fífuhvammur, Kópavogur og Vatnsendi. Guðlaugur R. Guðmundsson skráði og staðsetti örnefnin. Handrit. Örnefnastofnun. 1990.

Lýsing

Landamerki.

Grasi gróinn hóll, um 20 m í þvermál og 3 m hár. Utan í hólnum að suðaustanverðu er talsvert mikið af sprengdu grjóti. Um 5 m norðvestur af hólnum eru holur eða lautir, sem gætu veri mannaverk. Hóllinn var áður landamerki Bústaða, Breiðholts, Fífuhvamms og Digraness.

Sagt er að í hólnum hafi álfur eða huldumaður búið og hafi hann komið í veg fyrir að hóllin yrði fyrir raski þegar húsin í kring voru byggð.

Í örnefnaskrám er sagt frá klofnum steinum, sem ætlaðir voru í undirstöður undir járnbraut sem leggja átti þar sem Reykjanesbraut liggur nú. Hér er átt við grjótið neðan við (sunnan og austan) Einbúann. Þar má sjá meitilför í grjótinu sbr. efri mynd.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari	Bjarni F. Einarsson
Filma nr./teg. myndar	Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur	1000		13

Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.
Digranes	-	-	1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	22.7.2019	E 359947.9 N 403628.7	Isn 93	-	

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Garður		Kóp 19	1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ábúð	Mikil	Sæmilegt	1900-	-			Nei

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	1	Lítið	1	Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Neðan (sunnan) við Hlíðarhjalla 2a (Seldals), skammt austan við enda Brekkuhjalla. Í skógarlundi.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Garður.
Úr grjóti, um. 30 m langur (NNV -SSA), 1-2 m breiður og 0,2 - 0,4 m hár. Suður hlutinn er dálítið sveigður til vesturs.
Garðurinn er vel gróinn grasi og mosa. Einnig vaxa aspir og birki á garðinum. Hann endar til suðurs á upphlöðnu bílaplani (malarplani). Samsíða garðinum neðanverðum liggur skurður eða ræsi.
Sést plastslanga á kafla nokkuð fyrir ofan bílastæðið.
Upphaflega var þetta sumarbústaðalóð, svokallaður ræktunarblettur frá 4. áratugnum. Leiðslan (slangan) gæti tengst ræktun.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari	Bjarni F. Einarsson
Filma nr./teg. myndar	Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur	1000		14

Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.
Digranes	-	-	1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	22.7.2019	E 359873.1 N 403699.4	Isn 93	-	

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Garður (túngarður?) og mannvistarlag		Kóp 19	2

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ábúð	Mikil	Lélegt	1550-1900	-			Nei

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	2	Lítið	2	Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Um 15 m A af íbúðarhúsi við Brekkuhjalla 12 (garðurinn) og á lóðarmörkum sunnanverðum við hús nr. 11 (mannvistarlögin). Í grasi grónni brekku.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Garður (túngarður?) og mannvistarlag.

1) Garður (túngarður?).

Úr grjóti (og torfi?). 20 m langur (N - S), 1 - 1,5 m breiður og 0,2 - 0,5 m hár.

N endi endar við jarðhýsi, sem enn er í notkun, á lóð nr. 11. S endinn er afskorinn vegna vegaframkvæmda. Garðurinn er vel gróinn.

2) Mannvistarlag.

Undir barði á lóðarmörkum hússins nr. 11. Við suðvestur horn lóðarinnar sáust viðarkolamolar og mannvistarlag á um 0,5 m dýpi miðað við upprunalegt yfirborð utan við lóðina (neðri mynd). Hugsanlega voru torfflyksur í sniðinu, sem ekki var átt við á nokkurn hátt.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur	1000		15

Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.
Digranes	-	Latur	1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	22.7.2019	E 359998.1 N 403775.1	Isn 93	-	

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Staður tengdur þjóðtrú		Kóp 19	1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ábúð	Lítil	Ágætt	1550-1900	-			Já

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	3	Lítið	3	Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Um 5 m N við íbúðarhús við Hlíðarhjalla 29, við lóðarmörkin. Við enda botnlanga götunnar.

Heimildir og munnmæli

Anna Hedvig Þorsteinsdóttir og Inga Þóra Þórisdóttir. *Þjóðsögur og sagnir úr Kópavogi*. [Kópavogi 1995]. Bls. 44 og 55.

Magnús Þorkellsson. „Af Kópavogsbæjum frá fyrri öldum." *Saga Kópavogs I.* Saga lands og lýðs á liðnum öldum. Safn til sögu byggðalagsins. Kópavogi 1990. Bls. 173.

Örnefnaskrá. Örnefni í heimalandi Kópavogskaupstaðar og næsta nágrennis þess. Safnað hefur Adolf J.E. Petersen. Handrit. Örnefnastofnun.

Örnefni í bæjarlandi Kópavogs. Jarðirnar Digranes, Fífuhvammur, Kópavogur og Vatnsendi. Guðlaugur R. Guðmundsson skráði og staðsetti örnefnin. Handrit. Örnefnastofnun. 1990.

Lýsing

Staður tengdur þjóðtrú.
Steinn, um 2 x 2,5 m stór (A - V) og 1,7 m hár.
Í steininn hefur verið komið fyrir koparröri (hæðarpunktur) og einn járnnagli er negldur í steininn að suðvestanverðu. Fleiri göt eftir nagla sjást á steininum sunnanverðum.
„Gamlar" sagnir eru um að steinninn sé álfabústaður. Einnig kemur hann nokkuð við sögu Jóns bónda Guðmundssonar í Digranesi. Mun hann hafa setið við steininn og sungið þegar hann kom heim úr sollinum í Reykjavík á fyrri helmingi tuttugustu aldar. Hann fluttist að Digranesi árið 1896 úr Lágafellssveit.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari	Bjarni F. Einarsson
Filma nr./teg. myndar	Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur	1000		16

Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.
Digranes	-	Digranes	1-4

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	22.7.2019	E 360077.6 N 403896.0	Isn 93	-	

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Eyðibýli		Kóp 19	4

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ábúð	Mikil	Lélegt	1550-1900	1938			Já

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Hátt	8	Hátt	8	Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Um 2,5 m SA af SA - horni íþróttahússins Digraness, í aflíðandi grasi grónni brekku.


Heimildir og munnmæli

Árni Magnússon og Páll Vídalín. *Jarðabók*. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Þriðja bindi. 2. útg. Reykjavík 1982. Bls. 276.
Guðmundur Ólafsson. *Fornleifakönnun á bæjarhól Digraness, Kópavogi*. 80/4. Vinnuskýrslur Þjóðminjasafns. Reykjavík 2013.
Magnús Þorkellsson. „Af Kópavogsbæjum frá fyrri öldum." *Saga Kópavogs I*. Saga lands og lýðs á liðnum öldum. Safn til sögu byggðalagsins. Kópavogi 1990. Bls. 151 – 177.
Matthías Þórðarson. „Nokkrar Kópavogs-minjar." *Árb. Hins ísl. fornleifafélags 1929*. Reykjavík 1929. Bls. 1-33.
Túnakort Digraness. Þjóðskjalasafn. **Frh.**

Lýsing

Eyðibýli.
Býlið var ein af höfuðjörðum Kópavogskaupstaðar. Í dag sjást aðeins rústir síðasta bæjarins, gata þar fyrir framan og leifar af kálgarði.
Svæðið hefur orðið fyrir talsverðu hnjaski vegna skólabyggingar og ágangs skólanema. Stærð þess er um 30 x 40 m (A - V).
Elsta heimild um Digranes er frá árinu 1313 í skrá um leigumála á jörðum Viðeyjarklausturs.
Á teikningunni hér til hliðar kemur skipan bæjarstæðisins vel fram. Kálgarðurinn virðist stærri en lýsing gefur til kynna hér á eftir. Hann gæti hafa minnkað eftir að kortið var teiknað árið 1916.
Vafalaust eru fleiri rústir en hér eru skráðar undir grassverðinum. Bæði er þeirra að vænta ofan við bæjarstæðið og umhverfis kálgarðinn.
Á staðnum, austur af bæjarhúsarústunum, er skilti með upplýsingum um bæinn og rannsókn sem þar var gerð (Guðmundur Ólafsson 2013). Eru nokkrar ljósmyndir á skiltinu, m.a. af gamla bænum, rannsókninni og teikning af bæjarhúsarústunum.
Búskap var hætt 1938.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari	Bjarni F. Einarsson
Filma nr./teg. myndar	Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur	1000		16

Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.
Digranes	-	Digranes	1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	22.7.2019	E 360097.2 N 403897.2	Isn 93	-	

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Bæjarstæði		Kóp 19	1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ábúð	Mikil	Lélegt	1550-1900				Já

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Hátt	7,5	Hátt	7,5	Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Um 2,5 m SA af SA - horni íþróttahúsins Digraness, í aflíðandi grasi grónni brekku.

Heimildir og munnmæli

Árni Magnússon og Páll Vídalín. *Jarðabók.* Gullbringu- og Kjósarsýsla. Þriðja bindi. 2. útg. Reykjavík 1982.Bls. 276.

Guðmundur Ólafsson. *Fornleifakönnun á bæjarhól Digraness, Kópavogi*. 80/4. Vinnuskýrslur Þjóðminjasafns. Reykjavík 2013.

Magnús Þorkellsson. „Af Kópavogsbæjum frá fyrri öldum." *Saga Kópavogs I*. Saga lands og lýðs á liðnum öldum. Safn til sögu byggðalagsins. Kópavogi 1990. Bls. 151 – 177.

Matthías Þórðarson. „Nokkrar Kópavogs-minjar." *Árb. Hins ísl. fornleifafélags 1929*. Reykjavík 1929. Bls. 1-33.

Þór Magnússon. „Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1986." *Árb. Hins íslenska fornleifafélags 1986*. Reykjavík 1987. Bls. 177.

Frh.

Lýsing

Bæjarstæði.

16 x 23 m (A - V).

Veggir úr grjóti (og torfi) og steypu, 1,5 - 3 m breiðir og 0,3 - 2,4 m háir (þar sem þeir eru hæstir að innanverðu í vestur hluta).

Minnst sex hólf sjást í dag (fleiri á uppdrætti) og op eða dyr hafa verið á þeim vel flestum til suðurs, nema á hólfi í NV (fjósi). Þar hafa dyr verið til vesturs. Steyptur veggjastubbur er í vesturhluta rústanna.


Rústin er vel gróin.

Skurður hefur verið grafinn nýlega inn í rústina að vestanverðu. Steinar hafa verið færðir úr veggjum og sumstaðar sér í frekar lélega endurhleðslu grjótveggjanna. Rústin var tyrfð árið 2007.

7. júlí árið 1980 var rústin rannsökuð lítillega og skv. ljósmyndum á skilti á staðnum var komið niður á trégólf og veggir hreinsaðir (Guðmundur Ólafsson 2013).

Til er ljósmynd af bænum á heimasíðu Kópavogs (www.kopavogur.is).

Teikning/ljósmynd



Guðmundur Ólafsson

Ljósmynd



Ljósmyndari	Bjarni F. Einarsson
Filma nr./teg. myndar	Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Þess er getið í Ársskýrslu Þjóðminjasafns Íslands að bæjarstæði Digraness hafi verið kannað árið 1986 vegna framkvæmda. Hafi Kópavogsbær kostað þær kannanir, sem hafi einnig farið fram við Kópavogsbæinn (Þór Magnússon 1987:177). Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur	1000		16

Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.
Digranes	-	-	2

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	22.7.2019	E 359789.0 N 403560.1	Isn 93	-	

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Stétt (traðir)		Kóp 19	1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ábúð	Mikil	Ágætt	1550-1900	-			Nei

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	5	Talsvert	5	Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

2,5 m SA af SA - horni íþróttahússins Digraness, í aflíðandi grasi gróinni brekku.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Stétt (traðir).
Stéttin liggur fyrir framan bæjarstæðið (ANA - VSV). Hún er 43 m löng og 2 m breið. Framan við bæinn er hún er lögð flötum hellum og tilhöggnum steinum við suðurjaðarinn. Hún nær frá malastíg í austri að suðausturhorni skólabyggingar.
Stéttin er afskorin í báða enda.
Við suðurjaðarinn er kálgarður, nr. 3.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur	1000		16

Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.
Digranes	-	-	3

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	22.7.2019	E 360077.6 N 403896.0	Isn 93	-	

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Kálgarður		Kóp 19	1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ábúð	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	-			Nei

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	5	Talsvert	5	Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Tvo metra suður af bæjarstæði Digranesbæjarins, um 16 m VSV af SV horni íþróttahússins Digranes. Í grasi grónni brekku.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Kálgarður.
12 x 13 m (N - S).
Austur hliðin er greinileg, en þar er garður, um 1 m breiður og 0,2 - 0,6 m hár. Vestur garðurinn er nær ósýnilegur og suður hliðin alls ekki. Þar liggur gamall troðningur eða stígur og er kálgarðurinn látinn enda við hann. Þar er áberandi kanntur með steinum í sem gætu verið úr garðinum.
Garðlög sjást á utanverðum austurgarðinum
Kálgarðurinn er mjög vel gróinn.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari	Bjarni F. Einarsson
Filma nr./teg. myndar	Stafræn. Olympus C-820L

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur	1000		16

Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.
Digranes	-	-	4

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	09.05.2000	-		-	-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Rúst (fjárhús)		Kóp 19	1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
-	-	Horfin	1550-1900	-			Nei

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	4	Lítið	4	Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Var ca. 50 m austan við íþróttahússins Digraness. Á hól.

Heimildir og munnmæli

Tölvubréf Mjallar Snæsdóttur, fornleifafræðings, dags. 28. apríl 2000.

Lýsing

Rúst (fjárhús).
Rústin var á hóli sem var ca. 20 m í þvermál. Í rústinni var líklega garði (jata).
Í vegg sást svört gjóska sem túlkuð var sem Katla 1500 og undir vegg sást 5-10 sm þykk hreyfð mold ofan á óhreyfðri. Var ca. 1,5 m niður á óhreyft.
Gólf rústarinnar var á 0,5 - 0,6 m dýpi, mest 10 sm þykkt og móöskuborið.
Ofan á rústinni hafði yngra og minna hús (4 m) verið byggt og vestan í hólnum sáust leifar af öðru húsi. Sást þar einn veggur.

Staðsetning á korti er áætluð og ónákvæm.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari -

Filma nr./teg. myndar -

Athugasemdir

Húsið var fjarlægt með gröfu þann 6. júní 1986 undir eftirliti Þjóðminjasafns. Sjá upplýsingar við nr. 16:1.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Kópavogur	1000		17

Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.
Kópavogur/Reykjavík	-	Fossvogsbrú	1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	22.7.2019	E 358723.3 N 404767.9	Isn 93	-	

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Brú		Kóp 19	1

Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Umferð	Lítil	Lélegt	1550-1900	-			Nei

Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	4	Lítið	4	Nei	Nei	-

Lega og staðhættir

Við ósa Fossvogslækjar, á landmörkum Kópavogs og Reykjavíkur. Um 30 m N af Sæbólsbraut nr. 32.

Heimildir og munnmæli

Örnefni í bæjarlandi Kópavogs. Jarðirnar Digranes, Fífuhvammur, Kópavogur og Vatnsendi. Guðlaugur R. Guðmundsson skráði og staðsetti örnefnin. Handrit. Örnefnastofnun. 1990.

Andrés Kristjánsson. „Atvinna, þjónusta og samgöngur.“ *Saga Kópavogs II*. Kópavogur 1990. Bls. 199.

Lýsing

Brú.
Um 10 x 12 m (NV - SA). Úr grjóti, steypu og járni, 2,8 m há.
Austan megin sér í steyptan stokk þar sem lækurinn rennur inn, en að vestanverðu rennur lækurinn út um járnrör.
Yfir brúna liggur malbikaður stígur og á henni miðri er járnhandriði. Brúin er grasi gróin til kantanna.

Brúin var byggð árið 1896 þegar hafist var handa við að leggja veginn til Hafnafjarðar.
Vegaframkvæmdirnar byrjuðu með brúnni. Voru stöplarnir hlaðnir úr grjóti og steinsteypt plata ofan á þá. Þessi plata þótti mikil nýlunda og menn treystu henni ekki fyllilega í byrjun, eða svo lítið að farið var yfir með hesta á vaði (Norðlingavaði) spölkorn ofan við núverandi aðalbrú yfir lækinn.
Brúin virðist vera endurbyggð, jafvel nokkrum sinnum.
